

Sp.

333. Tillaga til þingsályktunar

um fasteignaveðslán veðdeildar Landsbanka Íslands.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Jón Pálmason, Þorst. Þorsteinsson, Ingvar Pálmason,
Páll Hermannsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það við stjórn veðdeildar Landsbanka Íslands, að lán út á fasteignir verði hér eftir veitt eftir sömu reglum, hvort sem fasteignin er í sveit, kaптúni eða kaupstað.

G r e i n a r g e r ð .

Veðdeild Landsbankans hefir lánað $\frac{2}{5}$ hluta af virðingarverði húsa út á fyrsta veðrétt, og hefir lítil fyrirstaða verið fyrir því að fá slík lán. Hinsvegar hefir hún ekki lánað nema $\frac{1}{4}$ af virðingarverði húsa, ef þau eru á jörðum í sveit eða í smákaптúnum úti um land, og neitað um lán, ef um ójárnvarin timburhús er að ræða eða húsið stendur ekki á sjálfri verzlunarlóðinni í kaптúninu.

Þetta hefir orðið til þess, að bændur, sem þurft hafa að leita til veðdeildarinnar með lán, hafa ekki fengið nema lítið lán, samanborið við fasteignaeigendur í Reykjavík, og sama er að segja um fasteignaeigendur í ýmsum smærri kaптúnum. Þetta hefir jafnvel stundum orðið til þess, að menn, sem atvinnu hafa stundað í smásjávarþorpum, hafa ekki getað komið sér upp húsi handa sér og sínum og því orðið að flytja þaðan, og þá helzt til Reykjavíkur, enda þótt þar virðist nógu margir atvinnuleysingjar fyrir.

Með tillögunni er farið fram á það, að ráðherra sá, er hefir æðstu yferráð yfir veðdeildinni, hlutist til um, að henni verði hér eftir stjórnað þannig, að allir eigi þar jafnan rétt til lántöku, sem þurfa að fá þar lán og hafa fasteign að veðsetja.